

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2018  
UST201802-127/B.S.  
10.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Kirkjugarður – Úlfarsfell. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða haugsetningu á 570.000 m<sup>3</sup> af ómenguðum jarðvegi við vesturhlíð Úlfarsfells sem verður mótað þannig að landið verði grafartækt. Þykkt haugsins verður frá 3-5 m.


Umrætt haugsvæði er gróðurlítill melur þar sem nokkuð hefur verið gróðursett af ýmsum trjátegundum. Að lokinni landmótun mun helsta breytingin felast í breyttri ásýnd sem nemur þykkt fyllingarinnar og með tímanum þeim gróðri sem vaxa mun í garðinum.


Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að undanskilinn breytingu á landslagi munu verða á framkvæmdatíma vegna umferðar vörubíla og notkun stórvirkra vinnuvéla við landmótun.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur greinargerðina góða og að þar sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri